

13. OG 14. SEPTEMBER
2024

HARPA
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tölvuleikjatonlist með Sinfó



Eímear Noone

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hin írska Eímear Noone er hljómsveitarstjóri og tónskáld, búsett í Los Angeles og Dublin en hún hefur mikið samið fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Sem eitt fremsta tölvuleikjatónskáld heims hefur Eímear lagt sitt af mörkum í hljóðheim World of Warcraft og annarra metsölutölvuleikja. Tónlist hennar í World of Warcraft hefur náð eyrum yfir 100 milljóna manna og hefur veitt leikjaspilurum innblástur til að finna upp og byggja nýja heima í næstum fimmtán ár. Tónverk Eímear fyrir tuttugu og átta kvikmyndir og tölvuleiki hafa fengið margar viðurkenningar á sviði kvikmyndatónlistar, þar á meðal Hollywood Music in Media-verðlaunin árið 2014 fyrir besta tónlist í tölvuleik.

Nýlega samdi Eímear tónlistina fyrir þáttaröðina Maxine og nýja teiknimynd sem byggir á smásögu Oscars Wilde, The Canterville Ghost. Hún samdi einnig tónlistina fyrir teiknimyndina Two by Two: Overboard, sem var efst á lista yfir mest sóttu kvikmyndir í Bretlandi í október 2020 og fékk tilnefningu til *Ivor Novello*-verðlauna fyrir bestu frumsömdu kvikmyndatónlistina. Hún vinnur nú að ýmsum öðrum alþjóðlegum kvikmynda-, sjónvarps-, teiknimynda- og leikjaverkefnum. Hún hefur einnig unnið að kvikmyndatónlist fyrir leikstjóra eins og Gus Van Sant og Joe Dante og útsett fyrir Javier Navarrette (höfund tónlistar Pan's Labyrinth), sem hlotið hefur tilnefningu til Óskarsverðlauna, þar sem hún skapaði drungalegan hljóðheim fyrir spennumyndirnar Mirrors og The Hole.

Samhliða tónsmíðum stjórnar Eímear hljómsveitum um allan heim, þar á meðal Royal Philharmonic í Englandi, Philadelphia Orchestra, Singapore Symphony, Pittsburgh Symphony og Sydney Symphony. Árið 2020 varð Eímear fyrsta konan til að stjórna sinfóníuhljómsveit á Óskarsverðlaunahátíðinni.

Tölvuleikjatonlist með Sinfó

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 13. SEPTEMBER KL. 20:00
OG 14. SEPTEMBER KL. 16:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eímear Noone
hljómsveitarstjóri

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Philipp Geist
myndbandshönnuður

Uncharted II: Suite Greg Edmonson (úts. J. Eric Schmidt)

Hades: No Escape Darren Korb (úts. Eímear Noone og Craig Stuart Garfinkle)

Baldur's Gate: The Dark Alliance II: Suite Craig Stuart Garfinkle

Fallout IV: Main Theme Inon Zur (úts. Paul D. Taylor)

Fortnite Pinar Toprak (úts. Eímear Noone og Craig Stuart Garfinkle)

Dragon Age Inquisition: Suite Trevor Morris (úts. David Shipps)

EVE Online – Uprising Kristian Søndelund Ross

Civilization VI: Sogno di Volare („The Dream of Flight“) Christopher Tin

Hlé

Kingdom Hearts Hikaru Utada

Last of Us: All Gone - No Escape Gustavo Santaolalla (úts. Craig Stuart Garfinkle)

Journey: Apotheosis and Nascence Austin Wintory

Starfield Medley Inon Zur (úts. Paul D. Taylor)

Call of Duty: Modern Warfare III Brian Tyler (úts. Martin Nygård Jørgensen)

Resident Evil V: Wesker Battle Kota Suzuki (úts. Waturu Hokoyama)

World of Warcraft: Malach, Angel Messenger Eímear Noone
(úts. Eímear Noone og Craig Stuart Garfinkle)

Tónleikarnir eru um 2 klst. að lengd með 20 mínútna hléi.



Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Polyarts.

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is